

1872.

26. septbr.

Íslands og
útlanda.

bréfaviðskipti milli Danmerkur og útlanda, skal einnig fylgt með tilliti til bréfa, sem send eru yfir Danmörk milli þessara landa og Íslands; skal borga undir þau burðargjald það, sem greiðist fyrir sendingar milli Danmerkur og Íslands, og að auki þann burðar-eyri, sem hið framandi land, er í hlut á, á tillkall til, eða annað, sem það hefir lagt út.

Fyrir bréfaviðskipti þessi skal eigi gjöra upp neinn reikning að því leyti, er snertir burðargjaldið milli Danmerkur og Íslands; þarómóti skal hið útlenzka burðargjald eða annað, sem lagt hefir verið út, tekið upp í viðskiptareikninginn með fullri upphæð.

Ef hin íslenzka pósthjórn æskir þess, að reglulegum pósthgöngum verði komið á beinlínis milli Íslands og einhvers framandi lands, skal hún leita til hinnar dönsku pósthjórnar, og mælast til, að reynt sé til, að þessu verði komið til leiðar.

21. grein.

Þessar ákvarðanir öðlast gildi 1. dag janúarm. 1873.

Þetta skal hærmeð kunngjört til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í fjárhjórnninni og dómsmálastjórnninni,

26. dag septbrn. 1872.

Fr. Krieger.

C. S. Klein.

Fr. Reinhardt.

91. Samþykkt um stjórñ bæjarmálefna í Reykjavík.

9. oktbr.

I. Um bæjarsjórñ og framkvæmd á bæjarmálefnum.

1. grein.

Í bæjarsjórñ eru 9 menn auk bæjrfógeta.

1872.

9. oktr.

2. grein.

Sèrstökum málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af föstum nefndum: 1. Fjárhagsnefnd, 2. Fátækranefnd, 3. Skólanefnd, 4. Hafnarnefnd, 5. Bygginganefnd og 6. Veganefnd.

Þeir menn, sem kosnir eru í þessar nefndir, fara frá 3. hvert ár að afgangnum vanalegum bæjarfulltrúakosningum, og má þá endurkjósa. Fáir þeir kosnu menn forföll að gegna starfa sínum, kys bæjarstjórnin, ef henni þykir þörf til þess, annan mann, er gegnir starfinu. Bæjarstjórnin getur heimtað sérhvert mál, er heyrir undir hinar föstu nefndir, til meðferðar og sjálf tekið ákvörðun um það, og er málið þar með gengið undan hinni föstu nefnd.

3. grein.

Í fjárhagsnefndinni er bæjarfógeti formaður og 2 menn úr bæjarstjórninni. Nefndin stendur fyrir öllum fjárhag kaupstaðarins, undirbýr áætlun, annast reikninga, sèr um stjórn fèhirðis á sjóðnum, að hann hegði sèr eptir erindisbræfi sínu, færi bækur sínar með reglu, að hann byrji og ljúki skattkröfunni á tilteknum tíma, eins og fyrir er skipað. Hún veitir því eptirlit, að tekjurnar komi inn á réttum tíma og eins og vera ber, og gengið sè eptir óloknum gjöldum, og að fè, sem umfram verður áfallandi útgjöldum, sè sett á vöxtu.

Nefndin skipar fyrir, hvernig reikningsbækur gjaldkerans, eða hinna annara, sem hafa umráð yfir fè bæjarins, skuli vera lagaðar, leiðbeinir þeim, er hlut eiga að máli í því efni, og gætir þess, að hinum settu reglum sè fylgt. Svo ber og nefndinni að hafa eptirlit á öllum fjárbyrgðum hjá gjaldkera og öðrum, er hafa fè bæjarins undir hendi.

Nefndin ritar í ávísunarbók sína það, sem ávísað er, og skulu í bók þessari vera sèr allir aðaldálfar og liðir áætlunarinna. Á ávísanirnar skal ætíð rita dálka- og liðatal.

Alla reikninga til bæjarsjóðs, sem hinum sèrstöku nefndum eða starfsmönnum bæjarins ekki er falið á hendur af nefndinni að láta greiða, skal senda nefndinni, sem rannsakar þá, sèr um

að þeir sé nægilega vottaðir, hafi áætlunarheimild, eða gilda ákvörðun bæjarstjórnarinnar við að styðjast, og ávísar nefndin þá þar á eftir til greiðslu. 1872.
9. oktbr.

Gjaldkæri má eigi greiða neina upphæð úr bæjarsjóði, nema hún sé ávísuð af öllum nefndarmönnum.

Ef að einhver í nefndinni ekki vill ávísar reikning, á að leggja hann fyrir bæjarstjórnina, og ákvarðar hún, hvort borgun skuli eiga sér stað eður eigi, og ritar bæjarfógeti þá á ávísunina, ef að greiða skal.

4. grein.

Í fátækraneftndinni skal vera bæjarfógeti sem formaður, og þrír bæjarfulltrúar.

Nefnd þessi hefir á hendi alla hina sèrstöku stjórn fátækramálanna, sèr um ómaga, þurfamenn, greptrun þeirra og lögflutning, annast bréfaskriptir í fátækramálum og viðskipti við önnur sveitafélög, sèr um, að tekjur þær, er fátækra sjóðnum bera, komi inn og sé tilfærðar. Nefndin hagtærir fè því, sem veitt er til fátækra, ákveður meðgjafir og semur um þær og önnur útgjöld fátækra sjóðsins. Í því skyni á nefndin, svo opt sem henni þykir þurfa, að afhenda fjárhagsneftndinni skrá yfir umsamin eða áfallin útgjöld til ávísunar eftir 3. grein.

Nefndin sèr um alla framkvæmd á tilsk. 26. maí 1863, 12. gr., og hefir á hendi alla þá umsjón með húsmennsku og lausamennsku, sem lögin hafa lagt á sveitastjórnirnar.

Nefndin ráðstafar og hagtærir styrk þeim, sem veittur verður börnum fátækra af Thorkillii-sjóði til uppeldis, og semur alla reikninga þá og skýrslur, er þar að lúta.

Við alla meðferð á því fè, er veitt verður úr Thorkillii-sjóði, hefir dómkirkjupresturinn sæti og atkvæði á fundum nefndarinnar, sem og í öllum öðrum málum, er snerta uppeldi og kennslu fátækra barna.

Til aðstoðar nefndinni má bæjarstjórnin kjósa 2 menn sem fátækra stjóra, annan fyrir vesturhluta bæjarins og hinn fyrir austur hlutann, skiptan við Austurvöll. Héraðaskipting þessari

1872.
9. oktbr.

má breyta með ákvörðun bæjarstjórnarinnar. Menn þessir eiga að hafa sérstaklega umsjón með fátækum í héraði þeirra, gæta að húshag þeirra, heimilisástandum, hegðan, hvort kjör þeirra batna eða versn, hvort þeir líða skort á mat, eldivið eða fatnaði o. s. frv., og eiga þeir ætíð að reyna til að útvega sér svo nákvæmar skýrslur, sem verða má, um innflutning þeirra manna, sem annaðhvort hafa orðið öðrum sveitum að þunga, eða sem að hætt er við, að ekki geti unnið fyrir sér í kaupstaðnum.

Fátækra stjórnir koma á fund fátækra nefndarinnar svo oft, sem hún æskir þess, og skulu þeir ávallt vera á fundi, þá er ómagar eru upp skrifaðir og rætt um að koma þeim fyrir. Mál-efnin heyra undir atkvæði fátækra nefndarinnar.

5. grein.

Skólanefnd skal sett til þess að hafa umsjón með skóla-kennslunni og embættisverkum skólans, og eru í henni sóknar-presturinn og tveir menn aðrir, er bæjarstjórnin kýs til þess, af hverjum að minnsta kosti annar skal vera úr flokki bæjarfull-trúa. Stjórn á tekjum og gjöldum skólans hefir bæjarstjórnin sjálf á hendi, og yfir höfuð alla umsjón með skólasjóði og reikningum.

Nefnd þessi annast þau málefni, er lúta að ætlunarverki skólans um kennslu barna, inntöku þeirra, skyldu að ganga í skólann, hver börn skuli njóta kennslu ókeypis, burtför úr skólanum, og hefir eptirlit með uppfræðingu og hegðun barnanna, sem og að skólareglunum sé fylgt, og ber nefndinni að gæta allra þeirra starfa við skólamálefni, sem til eru tekin í reglugjörð 27. okt. 1862, og ekki í tilsk. 20. apr. 1872, 14. gr. beinlínis lögð undir bæjarstjórnina.

6. grein.

Í hafnarnefndinni skal bæjarfógeti vera formaður og 2 menn kosnir af bæjarstjórninni, af hverjum að minnsta kosti annar skal vera úr flokki bæjarfulltrúanna, og skulu þeir í öllu hafa umsjón og stjórn hafnarmálefna eptir reglug. dagsettri 15. maí

1856. Gjaldkeri bæjarsjóðs skal einnig vera gjaldkeri hafnar-
sjóðs.

1872.

9. oktbr.

7. grein.

Í bygginganefndinni skal bæjarfógeti vera formaður og kys
bæjarstjórnin 2 menn úr sínum eigin flokki og 2 aðra bæjarbúa
til að vera í henni.

Nefnd þessi skal í öllu gæta þess, sem fyrir er mælt í opnu
bréfi 29. maí 1839. Þegar útvisanir eiga stað á blettum til
yrkingar eða til húsabygginga á heim stöðum, sem ekki eru
beinlínis ætlaðir til bygginga, svo sem á túnnum, sem leigð eru
mót afgjaldi, eða útjörðu, sem ekki er beinlínis ætluð til byg-
ginga eða yrkingar, ber nefndinni að leita úrskurðar bæjarstjórnar-
innar um það, hvort slíkar lóðir skuli afstanda til þeirra afnota,
og með hverjum kjörum.

8. grein.

Bæjarstjórnin kys 3 menn úr sínum eigin flokki, sem eiga
að hafa umsjón með vegum og götum bæjarins. Þeir framkvæma
allar þær ráðstafanir, sem bæjarstjórnin ákvarðar um vegagjörðir
og endurbót vega. Þeim ber og að hafa alla umsjón og fram-
kvæmdir á hendi um snjómokstur, klakahögg, rennumokstur og
vatnsból bæjarins, allt eptir því, sem bæjarstjórnin nákvæmar
ákveður.

Nefnd þessari ber og að hafa umsjón með allri fasteign bæj-
arins, að jörðu, túnnum, slægjum, mótaki, torfskurði, húsnum og
öllum áhöldum, þangað til sérstök nefnd verður sett til þess að
gæta þessa.

9. grein.

Með sérstakri ákvörðun má bæjarstjórnin fela einum eða
fleirum úr sínum flokki, eða öðrum bæjarmönnum, sem til þess
eru fúsir, að framkvæma einstök bæjarmálefni, er fyrirkoma, en
einungis þegar brýn nauðsyn ber til þess, mál, sem heyra undir
þær föstu nefndir, sem skipaðar eru í 2. gr., og þá einungis með
samþykki þeirrar nefndar, sem hlut á að máli.

1872.

9. oktr.

10. grein.

Framkvæmd málefna þeirra og ákvarðana bæjarstjórnarinnar, sem ekki er falin öðrum á hendur, annast bæjarfógeti, og ber honum að annast bréfaskriptir bæjarstjórnarinnar og þeirra sèrstöku nefnda, sem hann er formaður í.

II. Um starfa niðurjöfnunarnefndar og innheimtu bæjargjalda.

11. grein.

Í niðurjöfnunarnefnd eru 7 menn. Þeir kjósa sjálfir formann.

12. grein.

Nefndin semur skrá yfir þá, sem eiga að svara bæjargjaldi eptir efnun og ástandi til bæjarsjóðs á næsta ári. Á skrá þessa skal taka ekki einungis þá, sem þegar skráin er samin hafa fast aðsetur í kaupstaðnum, heldur og þá, sem ekki er svo ástatt fyrir, þegar vissa er fyrir því, að þeir í hið minnsta 4 mánuði á næsta ári muni hafa haft aðsetur í kaupstaðnum. Í sèrstökum dálki skal gjöra athugasemd, ef að álitid er, að einhver jafnframt hafi fasta dvöl annarstaðar.

13. grein.

Niðurjöfnun bæjargjalda skal lokið innan útgöngu nóvembermánaðar ár hvert. Nefndinni ber sèrstaklega að gæta þess, hverjar tekjur greiðandinn hafi haft til þess að framfæra sig og sína, vandamenn og aðra, er hann vinnur fyrir, til munaðar eður gróða eptir öllum efnahag hans og atvinnu, eins og hingað til hefir verið. Hún á og sèrstaklega að hafa tillit til þess, ef að tekjurnar ekki hrökkva til, gæta ásigkomulags tekjanna, heimilis-ástæðna allra og ómagapunga af vandamönnum. Til þess að hin áætlaða upphæð gjaldsins eptir efnahag og ástæðum náist og ekki rýrist við lækkun bæjargjalda, burtför eða árangurslaust fjárnám o. s. frv., ber nefndinni ávallt að jafna niður 5—10 meira af hundradi, en til er tekið í áætluninni.

14. grein.

1872.

9. oktr.

Bæjarstjórnin hlutast til um að samin sé skrá yfir þau gjöld, er greiða skal af föstum lögákveðnum tekjustofnum, svo sem gjald af timbur- og múrhúsum, tolli af óbyggðri kaupstaðarlóð og tómthúsum, og ber þessi skrá að vera til sýnis ásamt niðurfjöfnunarskránni.

15. grein.

Reglur þær, sem áveðnar eru um aðalníðurjöfnun, gilda og auka-níðurjöfnun, sem á að framfara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert.

16. grein.

Öll bæjargjöld, hvort heldur eptir lögákveðnum tekjustofnum, eða efnum og ástandi falla í gjalddaga ár hvert 1. marz og 1. septembermánaðar með helmingi í hvort skipti, og ber bæjargjaldkera þá að heimta þau. Sé þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga ber þau að heimta með lögtaki.

17. grein

Eptir að ársreikningur kaupstaðarins er saminn og enn fremur vottaður af fjárhagsnefndinni og hefir legið til sýnis í hinn lögskipaða tíma, ber hann að senda til endurskoðunar innan 15. maí ár hvert, og á endurskoðuninni að vera lokið 15. júlí, útásetningunum að vera svarað innan 1. ágústmánaðar ár hvert, og reikningurinn með ýtarlegri upplýsingum, andsvörum gjaldkera og áteiknun endurskoðunarmannanna að vera sendur bæjarstjórninni innan 15. ágúst. Á svo bæjarstjórnin að leggja úrskurð á og gjöra út um reikningsins útásetningar innan 30. september til lögskipaðrar afgreiðslu.

III. Um embættis- og starfsmenn kaupstaðarins.

18. grein.

Til aðstoðar bæjarstjórn og sem starfsmenn eru:

- a. Bæjargjaldkeri, sem annast allar inn- og útborganir bæjar-sjóðsins og semur reikning kaupstaðarins samkvæmt erindisbréfi því, er bæjarstjórnin gefur honum.

1872.

9. októbr.

b, Nætúrverðir, og skal í hið minnsta annar þeirra vera ávallt og þess utan auka nætúrvarzla á vissum tímum.

Sem laun fyrir starfa sinn nýtur bæjargjaldkerinn árlega úr bæjarsjóði 75 rd., og sem hafnargjaldkeri 25 rd. úr hafnarsjóði.

Hinum öðrum starfsmönnum verður launað eptir ákvörðun í hinni árlegu áætlun.

Hvort menn þessir geti vænt eptirlauna, ákveður bæjarstjórnin í hvert skipti.

19. grein.

Bæjarstjórnin kys einn mann úr sínum flokki til þriggja ára til að taka þátt í heilbrigðisnefndinni, enn fremur einn mann úr sínum eigin flokki í stjórn fiskimannasjóðsins, samt 2 menn ár hvert, sem athuga reikning sparisjóðsins í Reykjavík, og votta, hvort sjóði þessum sé stjórnað eptir settum skilmálum.

IV. Um ýmisleg kaupstaðarmálefni.

20. grein.

Bæjarstjórnin getur ákvarðað, að gata eða vegur, sem hefir verið fyrir einstaka menn, verði lögð til almennings afnota. Hún gefur götum og vegum nöfn. Ef að með fyrsta skal gjöra við götur eða vegi, ákvarðar hún, hvort og að hve miklu leyti þeir, sem lóð eiga að, skuli taka þátt í þessum kostnaði og hvernig hann skuli greiða, hvort heldur með greiðslu í peningum eða vinnu. Bæjarstjórninni skal heimilt, ef að slíkum kostnaði skal jafna niður, að veita nokkurn gjaldfrest. Ef að fleiri, sem lóð eiga að, hafa sèrstakan veg, má bæjarstjórnin skipa, að veginum sé haldið greiðfærum. Þar sem ræsar eru eða afrennsli, ræður bæjarstjórnin fyrirkomulagi; en bregði út af því og þetta ekki sè sem henni þykir að vera beri, lætur hún því koma í lag á kostnað þess, er á hlut að.

Þegar lóð þarf að afhenda til tryggingar fyrir eldsvoða, til nýrra gatna eða vega, eða til að færa þá út til breikkunar, eða ef ræsa þarf að leggja á lóð annars manns, veitist endurgjald eptir opnu bræfi 29. maí 1839, 3. gr. A. eptir ákvörðun bæjar-

stjórnarinnar með samþykki amtsins eða landshöfðingja. En ef svo er, að bæjarstjórnin sjálf ekki æskir eptir að meta endurgjaldið og það ekki áður er ákveðið með sérstökum samningi, má bæjarstjórnin ákveða, að endurgjaldið sé metið af tveimur óvilhóllum mönnum, er rétturinn útnefni til þess, og ef bæjarstjórnin ekki unni mati þeirra eða sá er hlut á að máli, má leggja gjörðina undir yfirmat 4 manna, sem sé tilkvaddir á sama hátt.

Kæur manna yfir ákvörðunum bæjarstjórnarinnar eptir þessari grein liggja undir úrskurð landshöfðingja eptir 1. aprilmánaðar n. á., en amtmanns og hlutaðeigandi stjórnarráðs til þess tíma.

Bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, 23. sept. 1872.

A. Thorsteinson. H. A. Sivertsen. Jón Pétursson.

Einar Þórðarson. O. V. Gíslason. Ó. Finsen.

Jón Árnason.

Samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík af 20. apríl 1872, 31. gr., cfr. 32. staðfestist framanskriðuð samþykkt sem gildandi fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Íslands stiptamt, Reykjavík, 9. október 1872.

Hilmar Finsen.

92. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um þóknun handa lækni fyrir embættisferð.

Útaf bænarskrá nokkurri, sem sýslumaðurinn í Skaptafells-sýslu hefir sent stiptsyfirvöldunum á Íslandi og mælt fram með, — en þar hefir settur héraðslæknir F. Zeuthen sókt um, að sér verði veitt endurgjald úr hinum íslenska lækna sjóði fyrir embættisferð þá, sem hann hefir farið til Skaptafells-sýslu samkvæmt bræfi dómsmálastjórnarinnar 24. janúar f. a.¹⁾, — hafið þér herra stiptamtmaður og þér, háæruverðugi herra, í bræfi, dagsettu 31.

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 131.